

# Félagsleg réttindi í barneignarferli

## Félagsráðgjöf til foreldra

Hér er fjallað um greiðslur og styrki sem foreldrar eiga rétt á vegna fæðingar og veikinda á meðgöngu.

### Veikindi á meðgöngu - móðir á vinnumarkaði



#### Veikindaréttur starfsmanns hjá atvinnurekanda

Kanna þarf rétt sinn hjá sínum atvinnurekanda. Mikilvægt er að viðhalda ráðningar-sambandi við hann eins og hægt er.

#### Sjúkradagpeningar frá stéttarfélagi og Sjúkratryggingum Íslands

Pegar veikindarétti lýkur hjá vinnuveitanda er næsta skref að leita til stéttarfélags og sækja um sjúkradagpeninga. Mismunandi réttur er eftir stéttarfélögum. Kanna þarf rétt sinn hjá viðkomandi stéttarfélagi. Einnig er samtímis hægt að sækja um sjúkradagpeninga hjá Sjúkratryggingum Íslands, [www.sjukra.is](http://www.sjukra.is).

#### Fylgigögn sem þurfa að berast

Læknisvottorð sem staðfestir veikindi sjúklings.

#### Aukið fæðingarorlof

Ef heilsufarsástæður á meðgöngu valda því að hætta þarf launaðri vinnu meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag getur skapast réttur á lengra fæðingarorlofi samkvæmt rétti til atvinnuleysisbóta, en þó aldrei lengur en í tvo mánuði, sjá [www.faedingarorlof.is](http://www.faedingarorlof.is).

### **Með heilsufarsástæðum er átt við:**

- Sjúkdóma sem koma upp vegna meðgöngu og valda óvinnufærni.
- Sjúkdóma, tímabundna eða langvarandi, sem versna á meðgöngu og valda óvinnufærni.
- Fyrirbyggjandi meðferð til að koma í veg fyrir fæðingu fyrirbura eða til að vernda heilsu fósturs, þar sem meðferðin veldur óvinnufærni.

### **Fylgigögn sem þurfa að berast**

- Læknisvottorð vegna veikinda móður.
- Starfslokavottorð vegna veikinda móður á meðgöngu.

### **Veikindi á meðgöngu - námsmaður í meira en 75% námi**

Fæðingarstyrkur námsmanna: Ekki er hægt að fá aukinn fæðingarstyrk námsmanna vegna veikinda á meðgöngu, sjá [www.faedingarorlof.is](http://www.faedingarorlof.is).

Menntasjóður íslenskra námsmanna: Námsmaður getur átt rétt á auknu svigrúmi í allt að þrjá mánuði fyrir fæðingu vegna veikinda á meðgöngu, sjá [www.lin.is](http://www.lin.is).

### **Fylgigögn sem þurfa að berast**

Læknisvottorð og/eða fæðingarvottorð.

### **Veikindi á meðgöngu - móðir á endurhæfingarlífeyri eða örorkulífeyri**

Ekki er hægt að fá aukinn fæðingarstyrk vegna veikinda á meðgöngu.

### **Fjölbura fæðingar**

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt á lengingu fæðingarorlofs/fæðingarstyrks um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt sem fæðist eftir 22 vikna meðgöngu, lífandi eða andvana.

### **Veikindi móður í tengslum við fæðingu**

#### **Fæðingarorlof/fæðingarstyrkur**

Komi upp alvarleg veikindi hjá móður sem rekja má til fæðingarinnar svo hún getur ekki annast barn sitt þann tíma sem fæðingarorlof eða fæðingarstyrkur var greiddur að mati sérfræðilæknis, er heimilt að framlengja fæðingarstyrk hennar um allt að tvo mánuði, sjá [www.faedingarorlof.is](http://www.faedingarorlof.is).

## Fylgigögn sem þurfa að berast

Læknisvottorð vegna veikinda sem tengjast fæðingu.

## Sjúkrasjóður stéttarfélags maka

Mælt er með að kynna sér réttindi hjá stéttarfélagi maka. Mismunandi réttindi eru hjá stéttarfélögum en sum greiða sjúkradagpeninga fyrir félagsmann vegna veikinda maka. Mikilvægt er að kynna sér umsóknarferli, dagsetningar og fylgigögn. Maki óskar eftir læknisvottorði hjá lækni móður.

## Sjúkrahúsdvöl nýbura í beinu framhaldi af fæðingu

### Fæðingarorlof/fæðingarstyrkur

Foreldrar geta átt rétt á sameiginlegri lengingu á orlofi ef innlögn barns á Vökudeild varir lengur en sjö daga og/eða ef um er að ræða alvarlegan sjúkdóm eða alvarlega fötlun barns sem krefst aukinnar umönnunar foreldris. Ef um fjölburafæðingu er að ræða gildir dvalartími þess barns sem lengst dvelur. Sjá nánar á [www.faedingarorlof.is](http://www.faedingarorlof.is).

### Sótt um framlengingu á fæðingarorlofi vegna veikinda barns

1. Læknir útbýr vottorð við útskrift barns eða þegar sértækri umönnun barns lýkur og sendir á Fæðingarorlofssjóð.
2. Foreldrar tilkynna vinnuveitanda og Fæðingarorlofssjóði hvernig þeir ætli að ráðstafa lengingunni með því að fylla út eyðublaðið „Tilkynning um tilhögun fæðingarorlofs“ á [www.faedingarorlof.is](http://www.faedingarorlof.is).

## Sjúkrasjóður stéttarfélaga

### Sjúkradagpeningar vegna veikinda barns

Réttindi eru mismunandi eftir stéttarfélögum, því þarf að kynna sér rétt sinn hjá viðkomandi stéttarfélagi. Mikilvægt er að kynna sér umsóknarferli, dagsetningar og fylgigögn. Foreldrar óska eftir læknisvottorði á nafn barns en nöfn foreldra þurfa að koma fram.

### Fæðingarstyrkur stéttarfélaga

Sum stéttarfélög eru með fæðingarstyrki, eingreiðslu vegna fæðingar barns. Kanna þarf rétt sinn hjá viðkomandi stéttarfélagi.

## Foreldrar með lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins

### Ferðakostnaður vegna búsetu utan höfuðborgarsvæðisins

Sjúkratryggingar Íslands taka þátt í kostnaði vegna itrekaðra ferða ef um er að ræða alvarleg vandamál á meðgöngu, sjá [www.sjukra.is](http://www.sjukra.is).

Sótt um ferðakostnað:

1. Læknir útbýr ferðavottorð.
2. Ritari/ljós móðir staðfestir ferðir til læknis eða ljósmóður.
3. Foreldrar skila inn staðfestingu á þessum ferðum ásamt kvittunum fyrir fargjaldi til umboðs SÍ hjá sýslumanni í sínu umdæmi.

### Gistikostnaður vegna búsetu utan höfuðborgarsvæðisins

Ef þörf er á gistingu á höfuðborgarsvæðinu er yfirleitt fyrst athugað með gistingu á Sjúkrahótel Landspítala ([www.landspitali.is](http://www.landspitali.is)). Læknir, hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir sendir beiðni fyrir dvöl þar.

Barnspítali Hringins á nokkrar íbúðir sem foreldrar geta leigt meðan barnið þeirra dvelur á spítalanum. Hægt er að sækja um íbúð með því að senda tölvupóst á: [mottakbh@landspitali.is](mailto:mottakbh@landspitali.is). Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram í tölvupóstinum: Nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, nafn barns, kennitala barns, fjöldi fullorðinna, fjöldi barna, tímabil og hvort þörf sé á lyftuhúsnæði.

Ef sjúkrahótelid eða íbúð Barnspítala Hringins eru ekki tiltæk, geta foreldrar athugað hvort stéttarfélagið þeirra eigi íbúð sem hægt er að leigja.

### Dvalarstyrkur

Réttur til dvalarstyrks er bundinn við að verðandi móðir eigi rétt á fæðingarorlofi eða fæðingarstyrk. Heimilt er að greiða dvalarkostnað móður fjarri lögheimili 14 dögum fyrir áætlaðan fæðingardag og fram að fæðingu. Ef um fjölburameðgöngu er að ræða er heimilt að byrja að greiða dvalarkostnað 28 dögum fyrir áætlaðan fæðingardag og fram að fæðingu. Ekki er greiddur dvalarstyrkur þann tíma sem verðandi móðir dvelur á sjúkrahúsi eða heilbrigðisstofnun. Læknisvottorð þarf að fylgja umsókn um dvalarstyrk. Sjá nánar á [www.faedingarorlof.is](http://www.faedingarorlof.is).

Athugið að sækja þarf um flest þau félagslegu réttindi sem nefnd hafa verið hér að framan

## Félagsráðgjafar á Barnspítala Hringins

Foreldrar geta óskað eftir tilvísun til félagsráðgjafa hjá lækni eða ljósmóður. Félagsráðgjafar á kvennadeildum styðja fjölskyldur við að takast á við ýmsa erfiðleika vegna veikinda, álags sem getur fylgt veikindum og aðstæðna sem tengjast heilsufari. Þeir eru brú á milli spítalans og heimaumhverfis; fjölskyldulífs, heimilis og samfélags.

### Frekari upplýsingar

Ef frekari upplýsinga er óskað hafið þá vinsamlegast samband við félagsráðgjafa á kvennadeildum: [felagsradgjof.kvennadeild@landspitali.is](mailto:felagsradgjof.kvennadeild@landspitali.is) eða í síma 543 1000.